

L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 12. júní 1939, um dýralækna.

4

27. jan.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknar skulu vera sex, tveir í Sunnlendingafjórðungi, og skal annar hafa búsetu í Reykjavík, tveir í Vestfirðingafjórðungi, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi.

Atvinnumálaráðherra skipar þá og kveður á um bústað þeirra að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Dýralæknirinn í Reykjavík skal vera yfirdýralæknir. Hann skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum búpenings, hafa eftirlit með embættisfærslu annarra dýralækna, yfirumsjón með sóttvörnum næmra búfjársjúkdóma og innflutningi búfjár og búfjárafurða.

3. gr.

Aftan við 2. gr., sem verður 3. gr., bætist: yfirdýralæknir fær auk þess greiddan nauðsynlegan skrifstofukostnað samkvæmt reikningi

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. janúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um bráðabirgðafjárgreiðslur í febrúar 1943.

5

29. jan.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1943, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1942, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn.